



LÍFVERUR OG LOFTSLAGSBREYTINGAR

Markmið

-
- + Að nemendur átti sig á áhrifum loftslagsbreytinga á lífverur.
-

Verkefnalýsing

Í verkefninu veljið þið ykkur lífveru og skoðið hvaða áhrif loftslagsbreytingar hafa á hana og setjið síðan upp í teiknimyndasögu.

Hafðu í huga

-
- + Hvað eru loftslagsbreytingar?
 - + Hver er lífveran ykkar, hvar býr hún og hvaða þarfir hefur hún?
 - + Hver er fæðukeðja lífverunnar?
-

-
- + Hvaða áhrif hafa loftslagsbreytingar á lífveruna?
 - + Hvaða möguleikar eru á því að minnka afleiðingar loftslagsbreytinga á lífveruna?
-

Verkfæri

- + Nettengdtölva eða A4 blað, skriffæri og litir.

Afurð

Teiknimyndasaga

Viðmið um árangur

-
- + Nemandi segir frá því hvað loftslagsbreytingar eru.
 - + Lífvera er tekin fyrir og gert grein fyrir lífríki hennar og lifnaðarháttum.
 - + Fram koma áhrif loftslagsbreytinga á lífveruna .
 - + Nemandi ræðir hvernig minnka má afleiðingar loftslagsbreytinga á lífveruna.
 - + Verkefnið er sett upp sem teiknimyndasaga.
 - + Verkefnið er merkt með fyrirsögn (heiti sögunnar) ásamt nafni þeirra sem unnu það.
-

Hópastærð

Paraverkefni

Námsgreinar

Íslenska, náttúrufræði og
upplýsinga- og tæknimennt

Tímarammi

4 kennslustundir

Undirbúningur

Kennari getur prentað út og fundið allskonar teiknimyndasögublöð á netinu en einnig er gott að hafa blöð þar sem nemendur geta haft frjálsa uppsetningu á sögunni sinni. Hafi nemendur aðgang að nettengdri tölvu má vinna verkefnið í allskonar forritum.